

Deloitte.



Vilt þú hafa áhrif?

Vegna stór aukinna umsvifa leitum við að öflugum sérfræðingum í hópinn okkar. Nánari starfslýsingar og hæfniskröfur er að finna á heimasíðu okkar www.deloitte.is



Salesforce sérfræðingur

Þátttaka í uppbyggingu á þjónustulínu Deloitte í Salesforce ráðgjöf og innleiðingum.



SAP sérfræðingur

Þjónusta og ráðgjöf ásamt fjölbreytilegri uppbyggingu og þróun lausna í SAP S/4HANA.



Verkefnastjóri, innra eftirlit upplýsingakerfa

Verkefnastjóri í innra eftirliti upplýsingakerfa, úttektum og ráðgjöf.



Sérfræðingur í netöryggi

Þátttaka í uppbyggingu á þjónustulínu Deloitte í netöryggi.



Sérfræðingur í IoT

Ráðgjöf og þjónusta tengd IoT (Internet of Things).



Sérfræðingur í upplýsingastýringu

Ráðgjöf, ýmsar greiningar og rekstur á umfangsmiklum vöruhúsum gagna.

Við viljum fólk sem hefur metnað til þess að takast á við spennandi verkefni í upplýsingatækniþjónustu og ráðgjöf, getur unnið sjálfstætt, tekið frumkvæði í krefjandi verkefnum og vill starfa í alþjóðlegum verkefnum sem unnin eru í nánum tengslum við Deloitte á Norðurlöndunum.

Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum heimasíðu Deloitte, www.deloitte.is fyrir **10. maí**. Nánari upplýsingar veitir Harpa Þorláksdóttir, mannauðsstjóri, harpa.thorlaksdottir@deloitte.is

Deloitte er eitt stærsta fyrirtæki heims á sviði upplýsingatækniþjónustu og ráðgjafar. Um 50.000 manns starfa hjá fyrirtækinu í upplýsingatækniþjónustu í meira en 150 löndum. Deloitte leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð - **Impact that matters**

Bókhald - 50% starf

Bóksala stúdenta leitar að bókara í 50% starf. Helstu verkefni eru færsla bókhalds, afstemmingar, innheimta, reikningagerð, skil á bókhaldi til endurskoðenda og önnur tilfallandi verkefni.

Leitað er að aðila með menntun sem nýtist í starfi og reynslu af DK bókhaldskerfi. Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, góð íslensku- og enskukunnátta og góð tölvukunnátta eru skilyrði.

Nánari upplýsingar á www.intellecta.is

bóksala stúdenta

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Átt þú heima í Austurkórs liðinu?

Okkur finnst fjársjóður liggja í fjölbreytileikanum og í Austurkór er starfsfólk með fjölbreytta menntun, reynslu og áhugasvið. Á næsta skólaári þurfum við fleiri liðsmenn í okkar faglega, metnaðarfulla og samheldna starfsmannahóp. Ýmis störf eru í boði svo sem staða deildarstjóra, sérgreinastjóra, leikskóla sérkennara og leikskólakennara. Einnig leitum við eftir starfskröftum þroskaþjálfara eða iðjuþjálfara.

Hornsteinar skólastarfsins í Austurkór eru útinám, námslotur byggðar á gildum skólans og lýðræðisleg vinnubrögð. Gildi skólans eru Samvinna, lýðræði og atorka og eru einkunnarorð skólans Austurkór, þar sem ævintýrin gerast.

Nánari upplýsingar veita Guðný Anna Þóreyjardóttir leikskólastjóri og Steinunn Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 441 5100 eða á netfanginu austurkor@kopavogur.is

Sótt er um störfin á heimasíðu Kópavogs www.kopavogur.is og er umsóknarfrestur til og með 6. maí 2017.



Kópavogsbær

kopavogur.is



JÓN & ÓSKAR

Laugavegur / Smáralind / Kringlan

Verslunarstjóri

Við hjá Jóni & Óskari erum að leita að leiðtoga í úra- og skartgripaverslun okkar í Smáralind.

Um er að ræða fullt starf í líflegu umhverfi með skemmtilega vöru.


Verslunarstjóri ber ábyrgð á sölu og þjónustu við viðskiptavinum, stjórnun og þjálfun starfsmanna, uppgjöri og öðrum spennandi verkefnum.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun og/eða verslunarstjórn
- Þjónustulund
- Reynsla af sölustörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikill áhugi á skartgripum og úrum

Jón og Óskar er ein stærsta og glæsilegasta úra- og skartgripaverslun landsins og rekur verslanir við Laugaveg, í Smáralind og Kringlunni.

Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á netfangið info@jonogoskar.is fyrir 3. maí.



CCP IS HIRING!

IT Solution Delivery Manager

This role will include leading and managing a team of capable technology experts and working closely with project managers and producers.

The role will also involve applying project/program management skills and mentoring others.

In co-operation with business owners, the successful applicant will translate business requirements into technology strategies.

IT Operations Manager

This role will include managing capable systems administrators in multiple locations where CCP has offices.

The successful applicant will create and maintain, in co-operation with others, processes that help deliver services to our customers and players.



Full descriptions and applications at www.ccpgames.com/careers

NEED A SUMMER JOB?

AP-Þrif is looking for people to hire for the summer.

Must speak english or icelandic.
Preferably between 20–40 years of age.
Driving license and clean criminal record is required.
If you are interested, please apply via
www.ath-thrif.is or email: gerda@ath-thrif.is

PROFESSIONALISM
GOOD SERVICE
HONESTY



AP-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS



REYKJALUNDUR
endurhæfing



Proskapjálfi

Laus er til umsóknar 50% staða yfirproskapjálfa.
Um framtíðarstarf er að ræða.
Umsækjandi þarf að hafa réttindi til að starfa sem þroskapjálfi á Íslandi.
Laun samkvæmt kjarasamningi Þroskapjálfafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Þroskapjálfafélags Íslands og Reykjalundar.
Upplýsingar um starfið veitir Dís Nielsdóttir, forstöðuproskapjálfi í síma 585 2091 dis@reykjalundur.is
Umsóknarfrestur er til 7. maí 2017.
Umsóknarform er að finna á heimasíðu Reykjalundar www.reykjalundur.is
Óskað er eftir einstaklingum sem búa yfir skipulags- og leiðtogahæfni, færni í samskiptum og sveigjanleika, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

Við leitum að

AÐSTOÐARMANNI
FRAMKVÆMDASTJÓRA
Í MARKAÐSMÁLUM

Helstu verkefni:

Viðburðastjórnun
Umsjón samfélagsmiðla
Samskipti við fjölmiðla
Samskipti við hönnuði
Gerð birtingaáætlana
Gerð markaðsáætlana

Hæfniskröfur:

Reynsla af viðburðastjórnun
Góð þekking á samfélagsmiðlum
Áhugi á markaðsmálum
Áhugi á tísku og hönnun
Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Vinsamlegast sakið um starfið á vef Capacent
www.capacent.is/radningar

Geysir Shops og Arctic shopping reka meðal annars fimm
Geysisverslanir í Haukadal, Reykjavík og á Akureyri.



GEYSIR

Bókari/ launasérfræðingur

1912 óskar eftir að ráða bókara/launasérfræðing til starfa.
Starfið heyrir undir fjármálastjóra og þarf viðkomandi að hefja störf strax.

HELSTU VERKEFNI:

- Umsjón með launavinnslu og orlofsbókhalði
- Úrvinnsla í málum tengdum réttindum starfsmanna
- Bókun reikninga og afstemmingar
- Önnur verkefni tengd launavinnslu og bókhalði

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Þekking á kjarasamningum og vinnumarkaðsmálum
- Frumkvæði, áreiðanleiki, samskiptahæfni, metnaður og ögun í vinnubrögðum
- Góð tölvufærni, þekking á H3 launakerfi kostur
- Góð íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir hjá
Ráðum ráðningarstofu agla@radum.is .

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að sækja um á heimasíðu Ráðum www.radum.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. maí nk.

1912

Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | +354 530 8400 | www.1912.is

ráðum

ráðningarstofa





1912 er traust fyrirtæki í heildverslun með dagvöru. Í gegnum dótturfélög sín, Nathan & Olsen og Ekruna, býr félagið yfir öflugum dreifileiðum til smásöluaðila, stóreldhúsa, iðnaðar og fríverslunar með kost. Starfsfólk samstæðunnar er í kringum 100 talsins. Það býr við glæsilega aðstöðu í höfuðstöðvum fyrirtækisins að Klettagörðum í Reykjavík. Fyrirtækið er einnig með starfsstöð á Akureyri.











Öllum húddum kunnug/ur?

Við leitum að þjónustuliprum reynslubolta, bifvélavirkja eða viðgerðarmanni, til starfa á smurstöð okkar á Akureyri. Helstu verkefni eru almennar bílaviðgerðir og smurþjónusta, ásamt annarri þjónustu fyrir viðskiptavinum N1.

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hópi.

Áhugasamir sækja um á www.n1.is – merkt Akureyri.

Nánari upplýsingar veitir Björn Valdemarsson, stöðvarstjóri, í síma 896 3275





Álafoss óskar eftir hressu og skemmtilegu sumarstarfsfólki í almenn afgangslustörf fyrir verslanir í Mosfellsbæ og á Laugavegi. Um er að ræða heilsdagsstarf ásamt hlutastörfum í kvöld- og helgarvinnu.

Við leitum að fólki sem...

- hefur framúrskarandi þjónustulund
- er hugmyndaríkt og með góða samskiptahæfileika
- býr yfir góðri íslensku- og enskukunnáttu
- er stundvíst, reyklást og með hreint sakavottorð

Reynsla af þjónustu- og/eða sölustörfum er kostur og æskilegt að viðkomandi sé 18 ára eða eldri

Umsóknarfrestur er til 5. maí 2017 og umsóknir ásamt ferilskrá sendist á atvinna@alafoss.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



Húsvörður

Húsfélagið Skúlagötu 20 óskar eftir að ráða húsvörð til starfa. Starfinu fylgir 70 m² íbúð og er búseta þar skilyrði.

Leitað er að einstaklingi sem er:

- Handlaginn og lipur í samskiptum
- Reglusamur og samviskusamur
- Þjónustulundaður og reyklást

Íbúar hússins eru 60 ára og eldri. Húsvörður heyrir undir hússtjórn. Helstu verkefni hans eru þríf, umsjón og eftirlit með húseigninni, minniháttar viðhald og framkvæmd húsgregna.



Upplýsingar veitir:
Guðjón Svansson
gudjon@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk.
Umsækjandi þarf að hafa hreint sakavottorð.



HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Stefnir þú hærra?

Húsaskjól fasteignasala leitar að einstaklingum sem vilja slást í hópinn.

ÞJÓNUSTUSTJÓRI
Við leitum að drifandi einstaklingi sem vill fara fram úr væntingum, hefur mikinn metnað og frumkvæði að nýjungum. Viðkomandi þarf að hugsa út fyrir kassann, hafa áhuga á samfélagsmiðlun, vera góður penni og tala og skrifa reiprennandi íslensku og ensku. Um er að ræða 50% starf.

SÖLUDEILD HÚSASKJÓLS
Við leitum að öflugum einstaklingum í sölu deild Húsaskjól. Eingöngu löggiltir fasteignasalar eða nemandar hafa lokið a.m.k 2 önnum í námi til löggildingar fasteignasala koma til greina. Við leitum að sjálfstæðum einstaklingum sem búa yfir metnaði og krafti til að ná lengra í starfi og hafa hugmyndaflug til að láta sér detta í hug spennandi nýjungar sem nýtast til að veita viðskiptavinum okkar enn betri þjónustu. Við leggjum áherslu á faglegan stuðning og endurmenntun enda markmið okkar að vera leiðandi á fasteignamarkaði og skila afburða vinnu og veita hverjum einasta viðskiptavini jafngóða þjónustu og við sjálf viljum fá. Við förum reglulega á ráðstefnur erlendis til að fylgjast með nýjungum á markaði sem og í reglulegar hvataferðir. Því er mikilvægt að viðkomandi hafi metnað til að nýta sér það efni og tækifæri sem við bjóðum upp á. Eingöngu aðilar sem vilja veita framúrskarandi þjónustu og leitast við að fara fram úr væntingum viðskiptavina sinna koma til greina.

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með mynd á asdis@husaskjol.is fyrir **5.maí 2017**. Öllum umsóknum verður svarað fyrir 10. Maí. Fyrirspurnum verður ekki svarað í síma.

Viltu vita meira um okkur, kíktu á heimasíðuna www.husaskjol.is eða á [facebook](https://www.facebook.com/husaskjol), www.facebook.com/husaskjol og sjáðu hvað við erum að gera og hvað okkar viðskiptavinir hafa um okkur að segja.

Hjá Húsaskjóli fasteignasölu starfar samhentur hópur sem hefur það að leiðarljósi að fara fram úr væntingum viðskiptavina.



Húsaskjól fasteignasala - Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
www.husaskjol.is - www.facebook.com/husaskjol





Allt fyrir hús, heimili og garða

BAUHAUS er ein af stærstu verslunarkeðjum á byggingasviði í Evrópu og rekur fleiri en 260 verslanir í 19 löndum. Hjá BAUHAUS er viðskiptavinurinn alltaf í öndvegi, stjórnendur eru virkir og hvetja sitt fólk til dæða.

Sumarstarfsfólk hjá BAUHAUS

Við hjá BAUHAUS leitum nú að kröftugu sumarstarfsfólki. Hjá BAUHAUS er viðskiptavinurinn alltaf í fyrsta sæti, þar sem markmiðið er að veita sem besta þjónustu.

Ef þú ert brosandi og þjónustulundaður einstaklingur með reynslu af sölustörfum, þá erum við að leita að þér.

Um er að ræða störf við afgreiðslu, sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Opnunartími BAUHAUS er frá kl. 8-19 á virkum dögum og kl. 10-18 um helgar. Við leitum að fólki í bæði fullt starf og hlutastörf.

Einstaklingar á öllum aldri eru hvattir til að sækja um.



Upplýsingar veitir:
Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk.





HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Menntasvið

- Klarinettukennari í Skólahljómsveit Kópavogs

Leikskólar

- Deildarstjóri í leikskólann Álfatún
- Leikskólakennari í Austurkór
- Sérgreinastjóri í Austurkór
- Deildarstjóri í Austurkór
- Leikskólasérkennari í Austurkór

Grunnskólar

- Umsjónarkennari í Kársnesskóla
- Deildarstjóri yngsta stigs í Vatnsendaskóla
- Kennari á eldra stig í Vatnsendaskóla
- Kennari á yngra stig í Vatnsendaskóla
- Náms- og starfsráðgjafi í Vatnsendaskóla
- Tónmenntakennari í Vatnsendaskóla

Velferðasvið

- Starfsmaður í Örva starfspjálfun
- Starfsmaður í íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is

ERT ÞÚ ELEVEN?

Eleven Experience er alþjóðlegt ferðaþjónustufyrirtæki sem leitast við að veita viðskiptavinum sínum einstaka og persónulega þjónustu. Eleven býður upp á lúxus gistingu á heimsmaelikvarða og skipuleggur ógleymanlegar ævintýraferðir og upplifanir sérsníðnar að óskum hvers og eins.

Eleven Experience hóf rekstur á jörðinni Deplum í Skagafirði í apríl 2016. Deplar eru gamalt bóndabýli sem búið er að breyta í lúxus gistaðstöðu með 13 svítum. Á Deplum er fullbúið eldhús, tveir barir, heilsulind o.fl.

Eleven Experience á Íslandi leitar nú að starfsmönnum fyrir Depla. Um er að ræða spennandi og krefjandi störf með mikla möguleika og tækifæri fyrir réttu manneskjurnar.

Starfsmenn á Deplum vinna í vaktalotum og sér fyrirtækið um uppihald og húsnæði í Fljótunum á meðan á vaktalotu stendur.

ASSISTANT LODGE MANAGER

HELSTU VERKEFNI:

Aðstoð við stjórn og rekstur Depla
Framfylgja stöðlum fyrirtækisins
Þróa verklagsreglur
Veita framúrskarandi þjónustu
Þróa rekstraráætlanir
Áætla og fylgjast með útgjöldum

HÆFNISKRÖFUR:

Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði
Reynsla eða menntun í hótél og/eða veitingastjórnun er skilyrði
Rík þjónustulund og frumkvæði
Mikil skipulagshæfni og sveigjanleiki í starfi
Góð tölvukunnátta er skilyrði
Reynsla í stjórnun og þjálfun starfsfólks er kostur
Kunnátta á Ópera bókunarkerfi er kostur

Frekari upplýsingar má nálgast í síma 588-1800 á virkum dögum.



WWW.ELEVENEXPERIENCE.COM

NUDDARAR / HEILSULIND

HELSTU VERKEFNI:

Þróa snyrti- og nuddmeðferðir
Framkvæma snyrti- og nuddmeðferðir
Hafa umsjón með birgðastöðu heilsulindar
Hafa umsjón með aðstöðu heilsulindar

HÆFNISKRÖFUR:

Menntun í nuddi er skilyrði
Rík þjónustulund
Sveigjanleiki í starfi
Góð enskukunnátta er skilyrði
Snyrtifræðimenntun er kostur
Réttindi til að kenna yoga, pilates eða crossfit er kostur
Önnur menntun sem nýst gæti í heilsulind er kostur

RÆSTING / ÞVOTTAHÚS

HELSTU VERKEFNI:

Þrif á herbergjum
Almenn þrif og þvottur

HÆFNISKRÖFUR:

Einstakt auga fyrir smáatriðum
Góð skipulagshæfni
Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
Enskukunnátta er kostur

Umsóknarfrestur er til 5 maí.
Umsóknir og ferilskrá á ensku sendist á JOB@ELEVENEXPERIENCE.COM merkt "Deplar 2017".

Laus störf hjá Strætó

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf.

Umsóknarfrestur er til og með 7. maí 2017.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Strætó bs. og Starfsmannafélags Reykjavíkur-borgar. Um vaktavinnu er að ræða.

Umsóknir skulu berast í gegnum radningar.straeto.is

Langar þig í bað með Strætó?

Strætó bs. óskar eftir áreiðanlegum og kraftmiklum starfsmanni til starfa á þvottastöð fyrirtækisins á Hesthálsi. Einstakt tækifæri fyrir metnaðarfullan snyrtipinna.

Um er að ræða 67,5 % starf í vaktavinnu að næturlagi við þrif og umhirðu strætisvagna.

Ef þú hefur áhuga á starfinu þá þarftu að hafa:

Næmt auga fyrir hreinlæti

Áhuga og dugnað til að ná árangri í starfi

Aukin ökuréttindi (réttindaflokkur D)

Hreint sakavottorð

Sumarlegir vagnstjórar óskast

Strætó bs. óskar eftir þjónustulunduðu og áreiðanlegu fólki til starfa við akstur strætisvagna innan höfuðborgarsvæðisins.

Um er að ræða sumarstarf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

D-réttindi

Hreint sakavottorð

Góð samskiptahæfni og þjónustulund

Samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum

Íslensku- og/eða enskukunnátta æskileg





MARKAÐSSTJÓRI SÉRVÖRU

Ölgerðin óskar eftir að ráða markaðsstjóra sérvöru til starfa

Markaðsstjóri sérvöru ber ábyrgð á þeim flokki innan Ölgerðarinnar og er hluti af markaðsdeild fyrirtækisins. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra markaðssviðs.

Deildin er í örum vexti en í henni eru mörg af þekktustu vörumerkjum landsins á sviði snyrtivöru, fatnaðar, hreinlætisvara ásamt fleiri vöruflokkum. Ný vörumerki munu einnig bætast við á næstunni.

Við leitum að öflugum einstaklingi með reynslu og færni í stjórnun, markaðsmálum og rekstri. Starfið felur meðal annars í sér samskipti við viðskiptavinum og lykilbirgja í sérvöru, vinnu með vörumerkjastjórum og sölustjórum að markaðssetningu vörumerkja ásamt stjórnun deildarinnar og ábyrgð á rekstri hennar.

Við bjóðum krefjandi og áhugavert starf í skemmtilegu starfsumhverfi þar sem áhersla er lögð á metnað, jákvæðni, jafnrétti og starfsþróun.

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfið, s.s. viðskiptafræði, markaðsfræði eða sambærilegt
- Reynsla og árangur í stjórnun, stefnumótun, markaðsmálum og rekstri
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Ástríða fyrir starfinu og hæfni til að lifa gildin okkar
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út umsókn á vef Ölgerðarinnar umsokn.olgerdin.is ásamt meðfylgjandi ítarlegri ferilsskrá og kynningarbréfi.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 1. maí nk.

ÖLGERÐIN er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. **ÖLGERÐIN** framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

olgerdin.is



VINNUEFTIRLITIÐ

Sérfræðingur í rannsóknar- og heilbrigðisdeild

Sérfræðingur

Vinnueftirlitið auglýsir eftir sérfræðingi í rannsóknar- og heilbrigðisdeild til að starfa við rannsóknir.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Rannsóknir á sviði vinnuverndar m.a. með áherslu á líkamlega og skipulagslega þætti vinnuverndar
- Þátttaka í fræðslu á sviði vinnuverndar með áherslu á líkamlega og skipulagslega þætti vinnuverndar.
- Stuðningur við eftirlit með áherslu á líkamlega og skipulagslega þætti vinnuverndar.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rannsóknum
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.
- Sveigjanleiki í starfi m.t.t verkefna
- Færni í framsetningu upplýsingaefnis
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Færni til að geta unnið sjálfstætt á skipulagðan hátt

Frekari upplýsingar um starfið:

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármálaráðherra og Fræðagarður hafa gert. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Vinsamlega sækið um á starfatorg.is eða á heimasíðu Vinnueftirlitsins.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 15.05.2017

Nánari upplýsingar veitir

Kristinn Tómasson - kristinn@ver.is - 5504600

VER Rannsóknadeild
Bildshöfða 16
110 Reykjavík



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Sérfræðingur í netöryggissveit PFS (CERT-ÍS)

Póst- og fjarskiptastofnun óskar eftir að ráða í stöðu sérfræðings í netöryggissveit PFS. Netöryggissveitin hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvukerfum sem falla undir starfssvið hennar. Sveitin leitast við að greina atvik af þessu tagi, takmarka útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Þá tekur netöryggissveitin þátt í því að tryggja virkni almennra fjarskiptaneta, vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu og vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Greining á spilliforritum og viðbrögð við öryggisatvikum
- Atvika-, veikleika- og búnaðargreining, ásamt því að dreifa upplýsingum um atvik og berskjölduð tölvu- og fjarskiptakerfi
- Upplýsingaskipti við þjónustuhóp og aðra ytri aðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um öryggi Internetsins
- Ráðgjöf og upplýsingar varðandi öryggismál á netinu
- Aðstoð við uppbyggingu þekkingar í meðhöndlun öryggisatvika hjá innlendum netöryggishópum
- Eftirlit með reglum um net- og upplýsingaöryggi

PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.

Umsjón með starfinu hefur Þorleifur Jónasson forstöðumaður tæknideildar.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu PFS www.pfs.is

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða á öðrum sviðum ef viðkomandi hefur haldgóða reynslu á sviði netöryggis.
- Sérmenntun eða starfsreynsla á sviði hugbúnaðargerðar og/eða öryggisgreininga, ásamt þekkingu á fjarskiptamarkaðnum, er æskileg. Þekking á fjármálageiranum og/eða orkugeiranum og öryggismálum þeirra er kostur.
- Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í starfi.
- Gerð er krafa um mikla greiningarhæfni, öguð og skipulögð vinnubrögð.
- Búa yfir skilningi á internettækni ásamt færni til að meta upplýsingar um áhættu og áhrif
- Geta til að miðla tæknilegum upplýsingum til annarra.
- Góð íslensku og enskukunnátta, bæði töluð og rituð, er áskilin
- Umsækjendur þurfa að geta unnið undir álagi og hafa tamið sér skipulag í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl nk.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist er sakavottorðs. Umsækjandi þarf að gangast undir og standast bakgrunnsskoðun og öryggisvottun Ríkislögreglustjóra.



MÚRBÚÐIN LEITAR STARFSMANNA

- Málari**
Óskað er eftir málara í sölu og ráðgjöf í ört vaxandi málningardeild Múrbúðarinnar. Fullt starf eða hlutastarf kemur til greina.
- Starfsmaður á lager / Sendill**
Óskað er eftir metnaðarfullum og vandvirkum einstakling sem er með lyftarapróf og aukin ökuréttindi.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á sala@murbudin.is. Öllum umsóknum er svarað.

Múrbúðin er ört vaxandi fyrirtæki með tvær verslarnir, á Kletthálsi og í Reykjanesbæ. Frekari upplýsingar á murbudin.is





Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Verkefnastjóri óskast til starfa á skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Um er að ræða starf hjá deild opinna svæða á skrifstofu framkvæmda og viðhalds. Deild opinna svæða sér um áætlanagerð, hönnun, útböð, framkvæmd og eftirlit með stofnframkvæmdum ásamt viðhaldi opinna svæða og stofnanalóða borgarinnar. Meðal verkefna deildar opinna svæða eru samráð og rafræn íbúakosning um verkefni í hverfum Reykjavíkur, nýbyggingar, endurgerð og viðhald opinna svæða, stofnanalóða, torga, almenningsgarða og annara útivistarsvæða og utanhússrýma í eigu Reykjavíkurborgar. Skrifstofan er til húsa í Borgartúni 12-14 og næsti yfirmaður er deildarstjóri opinna svæða.

Starfssvið

- Verkefnastjórn við rafræna íbúakosning um verkefni í hverfum Reykjavíkur, nýframkvæmdir og viðhald opinna svæða.
- Aðstoð við gerð viðhaldsáætlunar.
- Eftirfylgni vinnuáætlunar viðhalds og nýframkvæmda varðandi verklegar framkvæmdir og rafræna íbúakosning um verkefni í hverfum Reykjavíkur.
- Eftirlit með útböðsverkum.
- Skráning viðhaldsverkefna og kostnaðarstöðu þeirra í verkbókhold.
- Skráning í verkefna- og eignavefi Reykjavíkurborgar og í Framkvæmdasjá.
- Verkbókhold, yfirferð og samþykkt reikninga.
- Þátttaka í stjórnun verkefna og eftirfylgni þeirra.
- Vettvangsferðir á vinnusvæði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í byggingarverkfræði, byggingartækni, landslagsarkitektúr eða sambærileg menntun í tækni-greinum á háskólastigi.
- Starfsreynsla á sviði verkefnastjórnunar.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni, kostnaðarvitund og nákvæmni í vinnu-brögðum.
- Frumkvæði, áráðni og röggsemi til verka.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist skrifstofustörfum og góð þekking á Word og Excel.
- Ökuréttindi.

Um er að ræða 100% starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Ólafsson deildarstjóri byggingadeildar í síma 411-1111. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is undir laus störf „Verkefnastjóri óskast til starfa á skrifstofu framkvæmda og viðhalds“. Umsóknarfrestur er til og með 7. maí 2017. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Sölumaður Mercedes-Benz fólksbíla.

Askja óskar eftir að ráða jákvæðan og öflugan einstakling með framúrskarandi söluhæfileika í starf sölumanns nýrra Mercedes-Benz fólksbíla. Um er að ræða skemmtilegt og krefjandi verkefni en Mercedes-Benz hefur verið í mikilli sókn undanfarið og er í dag mest selda vörumerkið í flokki lúxusbíla hér á landi.

Ábyrgð og verkefni:

- Sala nýrra fólksbíla og ráðgjöf til viðskiptavina
- Verða sérfræðingur í vörumerkinu Mercedes-Benz
- Veita afburðapjónustu
- Frágangur á skjölum
- Önnur tilfallandi verkefni tengd starfinu

Hæfniskröfur:

- Reynsla og/eða menntun sem nýtist í starfi
- Löggilding bifreiðasala kostur
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Mikil þjónustulund og samningatækni
- Fagleg framkoma, sjálfstæð vinnubrögð og áreiðanleiki

Bílaumboðið ASKJA er framsækið þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig m.a. í sölu og þjónustu á Mercedes-Benz bifreiðum. Markmið Öskju er að veita framúrskarandi þjónustu á öllum sviðum og í samræmi við gildi Öskju sem eru metnaður, fagmennska, heiðarleiki og gleði.

Vinnutími er virka daga frá kl. 9:00 - 18:00 og að jafnaði er unnið annan hvern laugardag frá kl. 12:00 - 16:00. Konur, jafnt sem karlar, eru sérstaklega hvattar til að sækja um starfið. Eingöngu reyklausir umsækjendur koma til greina. Tekið er við umsóknum á heimasíðu Öskju, www.askja.is. Nánari upplýsingar veitir Erla Sylvía Guðjónsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri Öskju, á netfanginu atvinna@askja.is.

Umsóknarfrestur til og með 1. maí 2017



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi



AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRI NETTÓ ÍSAFIRÐI

**Nettó opnar nýja og glæsilega verslun á Ísafirði þann 19. maí næstkomandi.
Af því tilefni leitum við nú að jákvæðum starfskröftum í eftirfarandi störf.**

STARFSSVIÐ:

- Ábyrgð á rekstri verslunar
- Samskipti við viðskiptavinum og birgja
- Ábyrgð á vöruframsetningu og áfyllingum
- Ábyrgð á birgðahaldi í verslun sem og önnur tilfallandi störf.

HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af stjórnun hjá verslunar- og/eða þjónustufyrirtækjum.
- Styrkleiki í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og reglusemi.

Umsóknir sendist á isafjordur@netto.is Allar nánari upplýsingar veitir Ingólfur Hallgrímsson verslunarstjóri á staðnum og í síma 893-0456

Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

ALMENN VERSLUNARSTÖRF

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árvekni í hvívetna.

Umsóknir sendist á isafjordur@netto.is Allar nánari upplýsingar veitir Ingólfur Hallgrímsson verslunarstjóri á staðnum og í síma 893-0456

Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk.

nettó

Vélgæslumaður

FISK Seafood ehf. óskar eftir að ráða starfsmann til vélgæslu hjá landvinnslu fyrirtækisins á Sauðárkróki.

Í starfinu felst m.a. almenn vélgæsla, yfirumsjón með keyrslu frys-tivéla, umsjón hússtjórnarkerfis, umsjón með viðhaldi og viðgerðum í landvinnslu fyrirtækisins.

FISK Seafood ehf. rekur öfluga landvinnslu á Sauðárkróki, sem er í mikilli þróun og því um spennandi starf að ræða.

Skriflegar umsóknir skal senda til framkvæmdastjóra FISK, Jóns E. Friðrikssonar, Háeyri 1, 550 Sauðárkróki og skulu hafa borist fyrir 1.maí n.k.



Sjúkraliði í dagdvöl eldra fólks

Óskum eftir að ráða sjúkraliða til starfa í 50% starf í dagdvöl eldra fólks á Skólabraut 5, Seltjarnarnesi.

Leitað er að starfsmanni með reynslu af starfi með eldra fólki. Þarf að hafa ríka þjónustulund, frumkvæði, vera hugmyndaþekkur og fjölbærur. Í dagdvölinni dvelja að jafnaði 8 til 9 einstaklingar. Dagdvölin er starfrækt í tengslum við aðra öldrunarþjónustu á Seltjarnarnesi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Á Karvelsdóttir forstöðumaður dagdvalar, Skólabraut 5, sími 5959148 eða 8229112. Tölvupóstfang sigridurka@nesid.is

Umsóknarfrestur er til 8. maí n. k. og eru umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Seltjarnarnes á www.seltjarnarnes.is – Störf í boði. Umsóknum skal fylgja starfsferilsskrá.



Seltjarnarnesbær

www.seltjarnarnes.is



Við leitum að

Sviðsstjóra bílgreinasviðs

IDAN fræðslusetur óskar eftir umsóknum í starf sviðsstjóra bílgreinasviðs. Sviðsstjóri ber ábyrgð á árangri og framþróun sviðsins sem hefur það meginhlutverk að þjóna bíliðnaði varðandi menntunarmál, hvort heldur er á sviði sí- og endurmenntunar eða grunnmenntunar.

Helstu verkefni

- Skipulagning á fræðslustarfi fyrir bíliðnaðinn.
- Samstarf við lykilfólk í bíliðnaði, innlendar og erlendar menntastofnanir og systurfélög vegna sí- og endurmenntunaráætla.
- Ráðgjöf til bíliðnaðarins varðandi kennslufræðilegan þátt sí- og endurmenntunar.
- Stefnumótun fyrir sviðið auk rekstrar- og fjárhagsáætlunargerðar.
- Verkefni á vegum Starfsgreinaráðs farartækja og flutningsgreina.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf á sviði bíliðngreina og/eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Menntun í kennslufræði og/eða reynsla af kennslu er kostur.
- Umtalsverð þekking og áhugi á bíliðnaði.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ráðu og riti.
- Skipulögð, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Framúrskarandi samskiptafærni, frumkvæði og árangursdrifni.

Umsóknarfrestur er til og með 5. maí nk.
Ráðið verður í starfið sem fyrst.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið með tölvupósti, mottaka@idan.is. Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilsskrá og kynningarbréf.



IDAN
fræðslusetur

Sími 590 6400 www.idan.is

Langar þig í krefjandi og skemmtilegt starf ?

Byggingafélagið Dalhús ehf leitar nú að öflugum verkefnastjóra í framtíðarstarf.

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði húsbyggingafræða
- Þekking og reynsla í verkstjórn og mannaforráðum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Vera lausnamiðaður, viðsýnn og geðþrúður

Upplýsingar veitir:

Garðar í síma 8650433 eða á netfangið gardar@dalhus.is

Dalhús ehf er stöndugt og metnaðarfullt byggingafélag sem byggir á áratuga reynslu eiganda og helstu stjórnenda. Við byggjum íbúðir frá grunni og seljum fullbúnar til kaupenda. Verkefnastjórastarfið er metnaðarfullt, og fjölbreytt starf, þroskandi og gefandi í senn. Verkefnastjóri er hluti af stjórnendateymi og nýtur mikils stuðning þess í starfi.

Dalhús
BYGGINGAFÉLAG

Erum að leita eftir góðum plastviðgerðarmanni.

Áhugasamir sendi inn umsóknir á bjarni@bilastjarnan.is eða hringi í síma 778 6380



Ertu góður kennari? Viltu vinna á frábærum vinnustað með skapandi og skemmtilegu fólki?

Ölduselsskóli auglýsir eftir umsjónarkennurum á yngsta og miðstigi.

Starfið er laust frá 1. ágúst nk.

Upplýsingar um Ölduselsskóla og starfið eru á ráðningarvef Reykjavíkurborgar og skal umsóknnum skilað þar.

Nánari upplýsingar Börkur Vígþórsson í síma 6648366 og tölvupósti borkur.vigthorsson@reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 1. maí

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

HVALFJARÐAR SVEIT



Skrifstofustjóri - Hvalfjarðarsveit

Starf skrifstofustjóra hjá Hvalfjarðarsveit er laust til umsóknar, starfshlutfall 80-100%. Skrifstofustjóri hefur umsjón með áætlanagerð og uppgjöri sveitarfélagsins og samhæfingu verk-efna á sviði fjármála á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Annast daglega fjármálastjórn sveitarfélagsins.
- Annast launavinnslu fyrir öll starfssvið sveitarfélagsins.
- Undirbúningur, gerð og eftirfylgni starfs- og fjárhagsáætlana.
- Umsjón með framlagningu árshlutareikninga og ársreikninga.
- Greiningarvinna og miðlun upplýsinga til kjörinna fulltrúa og stjórnenda.
- Annast álagningu fasteignagjalda og umsjón með innheimtu.
- Almenn verkefni á skrifstofu sveitarfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem fellur að verkefnum og ábyrgðarsviði skrifstofustjóra.
- Reynsla af reikningshaldi, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Reynsla og þekking á opinberri stjórnýslyu er æskileg.
- Góð samskipta- og leiðtogaþæfni.
- Greiningarþæfni og færni í notkun upplýsingatækni.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 5. maí 2017. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi.

Umsókn skal senda á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, 301 Akranes eða á netfangið hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is Nánari upplýsingar um starfið veitir Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í síma 433-8500 og á netfanginu skuli@hvalfjardarsveit.is

- *Hvalfjarðarsveit er öflugt sveitarfélag með um 635 íbúa. Náttúrufergurð er mikil og möguleikar til að njóta fjölbreyttrar útíveru eru óþrjótandi. Hvalfjarðarsveit er dreift býlt sveitarfélag með litlum íbúakjörnum. Þar eru næg og fjölbreytt atvinnutækifæri, öflugur landbúnaður, vaxandi ferðaþjónusta og metnaðarfullt skólastarf.*
- *Mikil uppbygging hefur átt sér stað á iðnaðarsvæðinu við Grundartanga með fjölmörgum iðnfyrirtækjum. Hvalfjarðarsveit er í nálægð við þéttbýli og í góðu samstarfi við nágrannasveitarfélög. Nánari upplýsingar má finna á www.hvalfjardarsveit.is*



EFLA leitar að liðsauka

EFLA leitar að áhugasömum starfsmönnum til starfa á fagsviðinu Húsi og heilsu sem heyrir undir byggingarsvið fyrirtækisins. Saman mynda starfsmenn sviðsins öflugt og samhent teymi. Nýjum starfsmönnum á sviðinu gefst tækifæri til þess að taka þátt í spennandi þróunarstarfi sviðsins þar sem viðfangsefnin eru þverfagleg. Þau snúa að byggingaframkvæmdum, úttektum, rannsóknum og greiningu á göllum, viðhaldsráðgjöf, byggingareðlisfræði, rakaflæði, loftskiptum, lýsingu, hljóðvist, öryggi, heilbrigði, raka, myglu, loftgæðum og innivist.

Líffræðingur

- Háskólamenntun í líffræði eða öðrum raunvísindum sem nýtist í starfi
- Reynsla af byggingaframkvæmdum og úttektum er kostur
- Reynsla af sýnatöku og greiningu er kostur
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í textagerð

Verk-, tækni- eða byggingafræðingur

- Iðnmenntun í húsasmíði
- Háskólamenntun í verk-, tækni- eða byggingafræði
- Reynsla af byggingaframkvæmdum og úttektum
- Færni í framsögu og kynningum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð ásamt því að geta unnið vel í hópi
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar

